



Til bæjarráðs

Kópavogi, 7. nóvember 2022
2210822/033.03 ÁAK

Efni: Minnisblað bæjarlögmanns um heimild sveitarfélagsins til að stýra lofthelgi

Bæjarfulltrúi Andri Steinn Hilmarsson lagði fram á fundi bæjarráðs þann 27. október fyrirspurn um heimild sveitarfélagsins til að stýra lofthelgi yfir Kópavogi. Erindinu var vísað til umsagnar bæjarlögmanns.

Í 4. gr. sveitarstjórnarlaga segir að „sveitarfélög hafa ákveðin staðarmörk sem ráðast af útmerkjum þeirra fasteigna, þ.m.t. þjóðlendna, sem innan þeirra liggja.“ Ytri mörk sveitarfélaga til hafsins miðast við netlög sem teljast 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Lög um lofthelgi nr. 80/2022 gilda um íslenska lofthelgi og umferð í lofthelgi. Þar segir í 4. gr. að ráðherra fari með yfirstjórn flugmála á íslensku yfirráðasvæði. Samkvæmt a-lið 2. töluliðar 1. mgr. 7. gr. núgildandi forsetaúrskurðar nr. 6/2022 fer innviðaráðuneytið með málefni er varða samgöngur í lofti, þar á meðal flugvelli. Samgöngustofu er í lögum um loftferðir falin umsjón og eftirlit með loftförum, flugrekstraraðilum, flugvöllum o.fl. (sjá 5. gr. laganna)

Af framangreindu má ráða að sveitarfélagið hefur ekki lögsögu í lofthelgi yfir sveitarfélaginu. Í lögum um lofthelgi er að finna ákvæði sem mæla fyrir um samráð við sveitarfélög um atriði eins og vöktun og verndun flugvallarumhverfis (145. gr) og setningu ráðherra á skipulagsreglu fyrir flugvöll (146.-147. gr.). Þá er í lögnum að finna heimild til ráðherra til að kveða á um sérstakar ráðstafanir til að draga úr hávaða á flugvöllum (143. gr.) Reglugerð nr. 666/2015 um rekstrartakmarkanir á flugvöllum vegna hávaða gildir hins vegar aðeins um flugvelli þar sem flughreyfingar (komur og brottfarir) loftfara í almenningsflugi eru fleiri en 50.000 á almanaksári að teknu tilliti til meðaltals síðustu þriggja almanaksára. Samkvæmt Isavia voru landingar og brottfarir á Reykjavíkflugvelli árið 2021, 49.012 talsins, 20% fleiri en árið áður. Í október 2022 stóð talan í 37.225. Reykjavíkflugvöllur uppfyllir því ekki skilyrði um fjölda flughreyfinga til að ákvæði reglugerðarinnar séu virkuð

Virðingarfyllst,

Ása A. Kristjánsdóttir
bæjarlögmaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026